

20. maí 1980.

425

Nr. 264.

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 155 mm.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að nýta net með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í vængjum og miðneti dragnótar, enda hafi slík nót verið sett upp fyrir útgáfu þessarar reglugerðar. Hámarks lengd miðnets, með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm, skal vera 3 metrar.

3. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1.—2. gr. reglugerðar þessarar, þó skal ekki teljast ólöglegt að festa net eða annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

4. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, jafnbreið leyfilegri möskvastærð og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netíð skal mælt vott.

5. gr.

Við veiðar með dragnót í íslenskri fiskveiðilandhelgi, er óheimilt að nota hlera og hvað eina, sem gæti komið í þeirra stað til útpenslu vængjanna.

6. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 215 23. maí 1979 um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. maí 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.